

Mál: Víðidalur- D-Tröð 4- (fsp) skipta húsi, stækka hús og taðþró.

Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Gíslasonar, dags. 9. október 2023, ásamt bréfi Ingunnar Hafstað, dags. 6. október 2023, um stækkun hússins á lóð nr. 4 við D-Tröð, skipta húsinu í tvö fastanúmer og koma fyrir taðþró, samkvæmt uppdr. Ingunnar Hafstað, dags. 6. október 2023.

**Skipulagsleg staða:**

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er lóð nr. 4 við D-Tröð á skilgreindu íþróttasvæði en um þess konar svæði segir í aðalskipulaginu: „Íþróttasvæði (Íþ). Svæði fyrir landfreka íþróttastöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Fákssvæðið, Víðidalur, samþ. 22.09.2005 með síðari breytingum. Þar eru sýndir byggingarreitir sem afmarka núverandi hús auk reita fyrir taðþrær. Gerði eru á flestum stöðum fyrir utan núverandi hús. Umrætt hús að D-tröð 4 er byggt árið 1971 og er birt stærð þess skv. Fasteignaskrá 276 m² og lóðin 1134 m² að stærð.

Fyrirspurn

- Hvort leyft verði að skipta húsinu í tvö fastanúmer.
- Hvort leyft verði að stækka húsið skv. meðfylgjandi teikningum, svipað og gert hefur verið á lóð D-Tröð 8
- Hvort leyfi fáiast að staðsetja taðþró á lóð skv. teikningu.

Umsögn


Hvort leyft verði að skipta húsinu í tvö fastanúmer. Leyfilegt er að skipta húsinu í tvö fastanúmer. Sækja skal um hjá byggingafulltrúa.

Hvort leyft verði að stækka húsið skv. meðfylgjandi teikningum, svipað og gert hefur verið á lóð D-Tröð 8? Í fyrirspurn er tekið fram að fordæmi eru fyrir sambærilegum framkvæmdum á hesthúsunum í nágrenninu. Umsóknir um breytingar sem hafa verið samþykktar, hafa verið í samræmi við gildandi skipulag. Hluti af þessum breytingum hafa verið gerðar áður en núverandi skipulag tók gildi.



Reykjavík

Í núverandi skipulagi er gerð mjög ítarleg lýsing á hvernig útfæra eigi viðbyggingarnar. Teikningar sem fylgja fyrirspurn eru ekki í samræmi við skilmála í gildandi deiliskipulagi.



Hvort leyfi fáiast að staðsetja taðbró á lóð skv. teikningu? Í deiliskipulagi eru skilgreindir byggingareitir fyrir taðbró. Taðbró skal staðsetja innan þessa reita. Samkvæmt teikningum sem fylgja fyrirspurn er taðbróin ekki staðsett innan byggingareits.



Niðurstaða

Tekið er neikvætt í fyrirspurnina. Útfærsla og hönnun viðbyggingar þarf að vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Leyfilegt er að skipta húsinu í tvö fastanúmer.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir

